



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Nefndasvið Alþingis
Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2014
UTN14030032/03.G.002; 61.A.001
EG/eb

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu lækningar við mænuskaða
143. löggjafarþing 2013-2014. Þingskjal 567 - 294. mál**

Utanríkisþjónustan hefur um árabil og með ýmsum hætti komið að því lofsverða starfi sem Mænuskaðastofnun Íslands (MÍ) stendur fyrir. Til dæmis fengu sendiskrifstofur Íslands fyrirmæli haustið 2005 um að ráðast í sérstakt átak til að kynna upplýsingaefni frá MÍ, þ.m.t. kvikmyndina "You will never walk again". Embættismenn utanríkisþjónustunnar hafa verið í miklum samskiptum við Mænuskaðastofnun og stjórnarformann hennar og fulltrúi frá utanríkisráðuneytinu á sæti í óformlegri samráðsnefnd um mænuskaða sem sett var á laggirnar í ársbyrjun 2013.

Í mars 2011 fól ríkisstjórn Íslands utanríkisráðherra, velferðarráðherra og innanríkisráðherra að kanna hvernig Ísland gæti stuðlað að vitundarvakningu á alþjóðavettvangi vegna mænuskaða. Eins og fram kemur hér að ofan hafði utanríkisráðuneytið þá þegar um nokkurra ára skeið liðsinnt og aðstoðað Mænuskaðastofnunina með ýmsum hætti, t.d með skipulagningu kynningarfunda á vettvangi alþjóðastofnana.

Árið 2011 hóf utanríkisráðuneytið athugun á því hvernig vinna mætti að framgangi málsins í tengslum við áratug Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir í umferðaröryggismálum, 2011-2020. Fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum flutti m.a. ávarp á fundi í allsherjarþingi SP í apríl 2012 um átak SP til að auka umferðaröryggi. Í ræðunni var lögð áhersla á starfsemi Mænuskaðastofnunar Íslands og helstu verkefni hennar og ríki hvött til að stuðla að aukinni þekkingu og rannsóknum á mænuskaða og afleiðingum hans. Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York tekur áfram virkan þátt í óformlegum viðræðum um ályktun allsherjarþingsins um umferðaröryggi og hefur undirstrikað mikilvægi þess að í þeirri ályktun verði sérstaklega lögð áhersla á málefni mænuskaða.

Síðan 2011 hefur sendiherra Íslands í París verið í sambandi við prófessor Gérard Saillant, stofnanda virtrar mænuskaðastofnunar í París og stjórnarformann alþjóðasambands bifreiðaeigenda og akstursíþróttafélaga. Sendiherra Íslands hefur kynnt starfsemi Mænuskaðstofnunar Íslands ítarlega fyrir Saillant, svo og tenginguna við ofangreindan áratug Sameinuðu þjóðanna og norrænt samstarf varðandi rannsóknir á mænuskaða. Saillant er einnig í sambandi við Félag íslenskra bifreiðaeigenda með það fyrir augum að leggja málstað mænuskaða lið í samvinnu við íslenska aðila.

Í október 2013 tók utanríkisráðherra ákvörðun um áherslur Íslands í þeirri vinnu sem framundan er á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um mótun nýrra þróunarmarkmiða SP og markmiða um sjálfbæra þróun, sem taka eiga við þegar þúsaldarmarkmiðin svonefndu renna sitt skeið á enda árið 2015. Rauður þráður í málflutningi Íslands verður áframhaldandi áhersla á baráttu gegn fátækt og hungri. Jafnframt verður horft til umhverfislegrar sjálfbærni, þar sem jafnvægi verði á milli áherslna á verndun og nýtingu auðlinda. Ísland mun leggja megin áherslu á fjögur svið: málefni hafsins og sjálfbærar fiskveiðar, endurnýjanlega orku, landgræslu og jafnréttismál. Á þessum sviðum tengjast langtíma hagsmunir Íslands og sú þekking á alþjóðamálum sem hefur byggst upp hérlandis, m.a. í marghliða starfi utanríkisráðuneytisins, verkefnum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og með starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Meðal aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna er mikill stuðningur við að ný þróunarmarkmið nái einnig til heilbrigðismála. Allar líkur eru á því að áfram verði, eins og í þúsaldarmarkmiðunum, lögð áhersla á grundvallar þætti heilbrigðismála, þ.á m. að draga úr mæðra- og barnadauða, tryggja öllum aðgengi að grunnheilbrigðisþjónustu og draga úr dauðsföllum vegna sjúkdóma sem draga milljónir manna til dauða ár hvert, t.d. malaríu og vatnstengda sjúkdóma á borð við kóleru. Að höfðu samráði við samstarfsríki er það mat utanríkisráðuneytisins að óraunhæft sé að ætla að samstaða náist um markmið sem falla utan ofangreindra grunnþátta heilbrigðisvandans í heiminum.

Að því er varðar alþjóðlega hugmyndasamkeppni um þróun vísindalegra aðferða og mótun lækningastefnu fyrir mænuskaða mun ráðuneytið verða skipuleggjendum innan handar við kynningu verkefnisins á alþjóðavettvangi á grundvelli almenns þjónustuhlutverks utanríkisþjónustunnar á erlendri grund.

F.r.

